

M-78/2008. Álit 18. desember 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. desember 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-78/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 12. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni Y af Z. Álitsbeiðandi telur bifreiðina vera gallaða og gerir kröfu til þess að seljandi greiði sér helming kostnaðar við viðgerð á henni eða kr. 177.500.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum sem bárust 27. nóvember frá lögmanni hans. Með bréfi, dags. 1. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 9. desember. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 11. desember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt gögnum málsins keypti álitsbeiðandi 31. janúar 2008 bifreiðina Y sem er jeppi af gerðinni Seljandi var Z. Bifreiðin er af árgerð 1998 og var fyrst skráð 8. júlí það ár. Henni hafði verið ekið 123.000 km. Þegar kaupin fóru fram. Umsamið kaupverð var kr. 1.550.000 og var ein milljón af því greidd á þann hátt seljandinn „tók upp í“ bifreið álitsbeiðanda jeppa. Í afsali og kaupsamningi er sagt að bifreiðin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið skoðuð lögbundinni aðalskoðun 24. maí 2007 til ársins 2008.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi keypt bifreiðina sem nýviðgerða og yfirfarna af fagmönnum sem ekki hafi mátt vamm sitt vita, en fram kemur að um svokallaða tjónabifreið hafi verið að ræða. Þetta segir álitsbeiðandi að bílasalinn hafi sagt þegar hann hafi minnst á hvort ekki væri rétt að láta fara fram ástandsskoðun á bifreiðinni líkt og gert hafi verið við bifreið sína áður en seljandinn hafi tekið við henni sem greiðslu. Bílasalinn, sem þekki seljanda, hafi eflaust verið í góðri trú um þetta líkt og álitsbeiðandi segist sjálfur hafa verið. Margt hafi hins vegar reynst vera að bifreiðinni sem sumt megi eflaust rekja til tjónsins sem orðið hafi á henni en annað hafi strax komið fram við skoðun fagmanns. Þessir gallar hafi allir snert öryggisbúnað bifreiðarinnar og óhjákvæmilegt að gera við þá.

Álitsbeiðandi segir að um hafi verið að ræða eftirtalið: 1. Spindilkúlu og stýrisenda. 2. Jafnvægisstangir og gúmmí, bæði að aftan og framan. 3. Demparasett að aftan, en gormur hafi verið í sundur og dempari rifinn frá. 4. Stýrismaskínu sem lekið hafi mikið og engin leið að gera við. Þá hafi bremsuklossar verið alveg slitnir en það láti hann liggja á milli hluta. Reynt hafi verið að spara allan kostnað við viðgerðina. Kostað hafi kr.

205.000 að gera við það sem talið er upp í liðum 1.-3. en vinna sé þó ekki reiknuð með. Kostað hafi 150.000 að gera við það sem talið er upp í lið 4 en þá sé reiknað með vinnu. Kostnaður við viðgerðina sé því kr. 355.000. Álitsbeiðandi segist hafa haft ástæðu til að ætla að seljandi myndi taka þátt í þessum kostnaði. Álitsbeiðandi viðurkennir að hann hefði átt að standa betur að skoðun á bifreiðinni og þá hefði væntanlega ekki orðið af viðskiptunum. Í því ljósi geti hann sætt sig við að seljandi greiði aðeins helming af viðgerðarkostnaðinum.

Það sem að framan er rakið af málavöxtum kemur að verulegu leyti fram í tölvupósti sem álitsbeiðandi sendi til bílasölnunnar 2. júlí 2008.

IV

Andsvör gagnaðila

Andsvör lögmanns gagnaðila eru svohljóðandi:

„Umbj. minn hefur mótmælt þeim kröfum sem kaupandi hefur beint að honum vegna kaupa á bifreiðinni Y. Í gögnum málsins kemur fram að kaupandi vanrækti rannsóknarskyldu sína áður en bifreiðin var keypt, þrátt fyrir að vakin hafi verið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins og bent á þá skoðunarskyldu sem á honum hvíldi sem kaupanda, sbr. undirritaðan kaupsamning sem liggur fyrir í málinu. Hvílir þessi skylda á honum áður en kaup eru gerð.

Í kaupsamningi aðila var vakin athygli á því að umrædd bifreið væri skráð tjonabifreið í ökutækjaskrá. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem styðja þá staðhæfingu kaupanda að það sem gert hafi verið við bifreiðina megi að sumu leyti rekja til tjónsins en annað gallar. Kaupin áttu sér stað í janúar 2008 en viðgerðin var gerð nokkrum mánuðum seinna. Hafði kaupandi haft umráð bifreiðarinnar í nokkurn tíma og notað hana áður en umrædd viðgerð fór fram. Um tíu ára bifreið er að ræða og því ómögulegt að staðhæfa að bifreiðin hafi verið haldin galla. Þvert á móti verður að ætla að um eðlilegt viðhald sé að ræða í ljósi aldurs bifreiðarinnar.

Að öðru leyti vísast í fyrirliggjandi bréf til kaupanda, dags. 21. júlí 2008, þar sem kröfum hans um þátttöku umbj. míns í kostnaði viðgerðarinnar er hafnað.“

Í því bréfi sem lögmaðurinn vísar til kemur m.a. fram að ekki hafi verið haft samband við seljanda eftir sölu bifreiðarinnar og áður en hún var sett í viðgerð vegna hinna meintu galla. Því sé ómögulegt að meta umfang þeirra þar sem ekkert mat á þeim hafi farið fram eftir viðskiptin. Lýst er rannsóknarskyldu kaupanda skv. lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda til kaupanda. Þá segir m.a. eftirfarandi í bréfinu.

„Þrátt fyrir að bifreiðin hafi verið seld „í mjög góðu ástandi“ er ekki hægt að líta svo á að um ábyrgðaryfirlýsingu af hálfu seljanda hafi verið að ræða í skilningi 2. mgr. 21. gr. sömu laga, [laga nr. 50/2000] auk þess sem almennt ber að taka slíkum yfirlýsingum af varúð þegar um eins gamlar bifreiðir er að ræða og raun ber vitni.“

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað til sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 19. gr. laga nr. 50/2000 er kveðið á um hlut sem seldur er „í því ástandi sem hann er“ en svo hagar til um þau kaup sem hér um ræðir. Segir þar eftirfarandi í 1. mgr.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Í 20. gr. laganna er kveðið á um vonda trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl. Segir þar eftirfarandi í 1. og 2. mgr.:

“Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.“

Eins og fram kemur í framangreindum ákvæðum laga nr. 50/2000 er í þeim annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar um skoðunarskyldu kaupanda. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðina segir að ökutækið seljist í núverandi ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við en seljandi kunni að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Fram kemur hjá álitsbeiðanda að hann lét ekki skoða sérstaklega ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin en segir að sér hafi verið tjáð að bifreiðin væri öll yfirfarin af fagmönnum sem ekki megi vamm sitt vita. Þetta er ekki dregið sérstaklega í efa í andsvörum lögmanns gagnaðila en þar tekið fram að athygli álitsbeiðanda hafi verið vakin á því að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar. Í bréfi lögmanns seljanda til álitsbeiðanda frá 21. júlí sl. er og sagt að þrátt fyrir að bifreiðin hafi verið seld „í mjög góðu ástandi“ sé ekki hægt að líta svo á að um ábyrgðaryfirlýsingu seljanda sé að ræða í skilningi 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2000. Fram kemur í afsali og kaupsamningi að bifreiðin hafi verið skoðuð lögbundinni aðalskoðun 24. maí 2007 eða um átta mánuðum áður en kaupin fóru fram. Í gögnum málsins kemur fram að úttekt hafi farið fram á grind bifreiðarinnar 30. apríl 2007 og að þá hafi henni verið ekið 116.262 km. Fyrst bifreiðin hlaut 24. maí 2007 er líklegt að gallarnir sem álitsbeiðandi telur vera á henni hafi þá ekki verið til staðar eða a.m.k. ekki í þeim mæli að bifreiðin fengi ekki skoðun.

Ekki verður séð af gögnum málsins hvenær álitsbeiðandi varð var gallanna sem hann telur vera á bifreiðinni en hann segir að þeir hafi komið í ljós við skoðun á

bifreiðinni og kann að vera að þar sé átt við lögbundna skoðun hennar. Það er víst er að búið var að gera við bifreiðina 2. júlí þegar álitsbeiðandi sendi bílasalanum tölvupóst vegna gallanna og hefur því gallanna orðið vart einhverjum tíma fyrr.

Að mati hins sérfróða aðila sem kærunefndin hefur leitað til verður að telja það sem álitsbeiðandi lét gera við í bifreiðinni galla sem óhjákvæmilegt var að gera við og að yfirgnæfandi líkur séu á að þeir hafi verið til staðar þegar kaupin fóru fram og þeirra hafi átt að verða vart a.m.k. að einhverju leyti enda þótt sennilegt sé að þeir hafi farið versnandi með meiri notkun bifreiðarinnar.

Kaupverð bifreiðarinnar hefur án efa verið ákveðið án þess að tillit væri tekið til þessara galla. Það er ekki ólíklegt að seljandi hafi að minnsta kosti mátt vita um þessa galla án og ástand bifreiðarinnar hafi við kaupin að því er þá varðar verið til muna verra en álitsbeiðandi mátti ætla samkvæmt þeirri lýsingu sem gefin var á bifreiðinni við kaupin, sbr. hér c-lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000, en ekki hefur verið dregið í efa af seljanda að hún hafi verið sögð í mjög góðu ástandi. Alla vega er ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svaraði til þeirra upplýsinga sem seljandi eða bílasalinn gaf fyrir hans hönd um ástand bifreiðarinnar og ætla má að lýsingin hafi haft áhrif á það að kaup gerðust, alla vega á kaupverðið, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000. Það er álit kærunefndarinnar, að miðað við að meðferð bifreiðarinnar hafi verið sæmileg og akstur hennar, hafi ekki sérstaklega mátt búast við því að hún væri í því ásigkomulagi sem hún reyndist vera, enda þótt hún væri orðin tíu ára. Á móti þessu kemur að verulegar líkur eru á að þessir gallar hefðu komið í ljós við ástandsskoðun bifreiðarinnar hefði hún farið fram, sbr. hér ákvæði 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000.

Samkvæmt framansögðu er það álit kærunefndarinnar að bæði seljandi og álitsbeiðandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 50/2000 og eigi báðir nokkra sök á þeirri stöðu sem upp kom eftir kaupin, en álitsbeiðandi þó meiri. Með þetta í huga álitur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 rétt á afslætti af kaupverði bifreiðarinnar sem hún metur hæfilegan kr. 100.000.

VII

Álitsorð

Seljandi, Z, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

